

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 14. júní 2022.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir, Helgi Aðalsteinsson og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Betri vinnutími og föst yfirvinna

Vinnuhópur um styttingu vinnutíma hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hefur unnið að innleiðingu á nýju vaktakerfi, í takt við samninga um styttingu vinnutíma. Sú vinna gengur vel og gengið er út frá ákveðnu grunnkerfi sem nú stendur til að kynna fyrir mátunarhópum innan liðsins.

Ágreiningur er þó um eitt atriði. Ákveðin hópur starfsmanna hefur unnið á föstu 12 tíma vaktakerfi sem byggist upp á 42 tíma vinnuviku, þ.e. 40 tímar auk 2 fasta yfirvinnutíma á viku. Útreikningar á launum, miðað við styttingu vinnuviku þessa hóps úr 40 tíma vinnuviku í 36 tíma vinnuviku samanber umsamda styttingu vinnutíma í fylgiskjali 3 í kjarasamningi aðila og það vaktkerfi sem er til skoðunar hjá SHS, benda til þess að reglubundinn heildarlaun þessa hóps lækki um 5-7% ef fastri yfirvinnu yrði sagt upp.

Vinnuhópur um styttingu vinnutíma telur því nauðsynlegt að þetta atriði verði tekið til frekari umfjöllunar í samstarfsnefnd, svo þetta atriði trufli ekki áframhald á innleiðingu styttingar vinnutíma hjá SHS. Fulltrúar LSS hafa vísað í kynningarmyndband á heimasíðu Betri vinnutíma máli sínu til stuðnings þar sem fram kemur að „að heildarlaun eru reiknuð öll þau laun sem viðkomandi starfsmaður hefur í 5.5.4 vaktakerfinu án breytilegrar yfirvinnu“. Á grundvelli þessa myndbands gerir félagið kröfu um að starfsmenn njóti ekki lakari kjara eftir upptöku Betri vinnutíma en áður.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS rýndu málið og í ljós kom að rangt er farið með staðreyndir í áður nefndu fræðslumyndbandi. Í fylgiskjali 3 er samið um að sytta vinnutíma úr 40 stundum í 36 stundir á viku. Fylgiskjal 3 tekur ekki á persónubundnum samningum um fasta eða breytilega yfirvinnu sem einstakir starfsmenn kunna að hafa við sinn vinnuveitenda, enda má segja slíkri yfirvinnu upp með lögmætum fyrirvara.

Ákvæði í fylgiskjali 3 um að stýrihópur samningsaðila fjalli um mál og finni lausnir til að hópar starfsmanna skerðist ekki í kjörum við innleiðingu á betri vinnutíma, eiga því ekki við þegar um fasta eða breytilega yfirvinnu er að ræða enda alltaf verið að stytta vinnutíma úr 40 stundum. Ekki var ákveðin miðlægt hvernig farið yrði með þá hópa þar sem vaktkerfi gengur að jafnaði upp á 42 stundum á viku. Undir ákveðnum kringumstæðum getur þessi hópur ekki fengið fulla styttingu vinnutíma í 36/32 tíma á viku nema að verða fyrir launaskerðingu. Mikilvægt er að rekstraraðilar og starfsmenn leiti sameiginlegra lausna þegar slík tilfelli koma upp.

SHS hefur hins vegar lýst sig reiðubúið til að ræða um framtíðarfyrirkomulag áður nefndrar yfirvinnu við fulltrúa starfsmanna.

2. Stytting vinnuvikunnar - eftirfylgni

Samstarfsnefndin ræddi framkvæmd styttingar vinnuviku og hvernig eftirfylgni með henni yrði háttað af hálfu samningsaðila.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um mikilvægi þess að vel takist til og er reiðubúin að veita þá aðstoð sem þarf til að svo megi verða.

3. Veikindaréttur tímavinnumanna/slysatryggingar

Samstarfsnefndin fjallaði um veikindarétt þeirra starfsmanna sem áður féllu undir 14. kafla kjarasamningsins.

Niðurstaða:

Þrátt fyrir að 14. kafla kjarasamnings LSS og SNS hafi verið felldur brott úr kjarasamningi um síðustu áramótum er samstarfsnefndin sammála um að grein 14.4.2. haldi engu að síður áfram gildi sínu allan samningstímann.

14.4.2 Verði hlutastarfandi slökkviliðs- eða sjúkraflutningamaður óvinnufær vegna vinnuslyss sem hann verður fyrir við störf sín sem slökkviliðs- eða sjúkraflutningamaður, skal hann njóta réttar til launa sem hann væri ráðinn í fullt starf mv.l.fl.143 í allt að sex mánuði.

4. Kynning og heimsóknir í haust meðal slökkviliða og sveitarfélaga

Samstarfsnefndin fór yfir helstu breytingar á kjarasamningi vegna 14. kafla kjarasamnings LSS og SNS sem var felldur brott úr kjarasamningi um síðustu áramót. Rædd var m.a. staðan á ráðningarsamningum tímavinnufólks, boðtækjum, nýju reykköfunarálagi og afturvirkni launahækkana vegna starfsmats.

Niðurstaða

Aðilar sammála um að fara í heimsókn til sveitarfélaga og slökkviliða í haust og kynna helstu breytingar á kjarasamningi LSS og SNS og þá sérstaklega tímavinnufólki.

5. Persónuuppbætur

Félagið óskar eftir umræðu um persónuuppbætur tímavinnufólks sbr. fundargerð 107.

Um greiðslu persónuuppþóta gilda ákvæði gr. 1.7 í kjarasamningi aðila. Greinin nær hins vegar ekki til tímavinnufólks.

Niðurstaða:

Þrátt fyrir að gr. 1.7. í kjarasamningi aðila taki ekki til tímavinnufólks er samstarfsnefndin sammála um að óskert fjárhæð fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn í tímavinnu miðast við 1.504 dagvinnustundir. Aldrei er greitt meira en full persónuuppþót af sama vinnuveitanda fyrir fullt starfsár.

Fleira var ekki gert.